

Grunnskólinn á Ísafirði  
*Virðing – samhugur – menntun*

# Bekkjarnámskrá

## 5. GR



Skólaárið 2017 - 2018

**Umsjónarkennarar:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason  
**Stuðningsfulltrúi:** Sara Sturludóttir

**Námstilhögun og kennsluaðstæður:** Í árganginum eru 28 nemendur í tveimur bekkjardeildum, 14 stúlkur og 14 drengir. Umsjónarkennararnir skipta með sér umsjón hópans. Heimastofa árgangsins er tvískipt, númer 109 og 110.

**Námsmat:** Framkoma, ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir meðfylgjandi námsmatskvarða. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á [www.mentor.is](http://www.mentor.is)

★	Framúrskarandi	A
✓	Hæfni náð	B
○	Á góðri leið	C
✗	Hæfni ekki náð	D

## ÍSLENSKA

**Kennarar:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

**Kennslustundir:** 6 á viku.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur vinna á sínum hraða í málfræði og skriftarbókum. Í bókmenntum og lesskilningi eru unnin fjölbreytt verkefni.

### LESTUR

**Markmið:** Að nemendur

- þjálfist í að lesa margvíslega texta og vinna með þá á fjölbreyttan hátt.
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimi
- geti lesið 250 atkv./mín í lok skólaárs.

**Námsefni:** Orðspor I og vinnubók, Málrækt, skrift 4 og 5 og lestrarbækur að eigin vali.

**Heimavinna:** Nemendur eiga að lesa heima á hverjum degi og ljúka því sem ólokið er eftir þörfum.

**Námsmat:** Hraðlestrarpróf þrisvar til sex sinnum yfir veturinn, lesskilningspróf á báðum önnum. Þættir málfræði bókmennta og stafsetningar kannaðir jafnt og þétt ásamt skriftarkönnunum. Þrjú ljóð lærd utanbókar. Framsagnarpróf í maí.

## **BÓKMENNTIR OG LJÓÐ**

**Markmið:** Nemendur lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar og þjálfist í að hlusta á upplestur. Þeir þekki til valdra íslenskra barnabókahöfunda. Ljóð lesin, lærð, skrifuð og flutt. Þau ljóð sem m.a. eru lærð utan bókar eru: Íslandsminni eftir Jónas Hallgrímsson, Vorperla eftir Halldór Kristjánsson og Fjallganga eftir Tómas Guðmundsson.

**Námsefni:** Þetta er málið lesbók I, Ljóðspor og frjálslestrarbækur.

**Námsmat:** Lærð ljóð eru metin til einkunnar. Ef þeim eru ekki gerð skil, þá er próf að vori.

## **SKRIFT**

**Markmið:** Að nemendur skrifi áferðarfallega og læsilega tengiskrift, noti hana í vinnubækur og temji sér vandvirkni í hvívetna.

**Námsefni:** Ítalíuskript og Skrift 5.

**Námsmat:** Nemendur meta vinnubrögð sín jafnt og þétt yfir veturinn. Skriftarkönnun á hvorri önn.

## **MÁLFRÆÐI, STAFSETNING OG RITUN**

**Markmið:** Að nemendur

- þekki nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og einkenni þeirra.
- þjálfist í margs konar ritun: Eftir upplestri, útdráttum, eigin ritsmíðum og endursögn.
- þjálfist í að nýta sér málfræðina til að stafsetja rétt.

**Námsefni:** Orðspor 1, Málrækt, ásamt öðru efni frá kennurum

**Námsmat:** Próf við lok hvorrar annar.

## **STÆRÐFRÆÐI**

**Kennarar:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

**Kennslustundir:** 7 á viku.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur vinna valin dæmi úr Stiku 1 og ítarefni eftir þörfum. Gefin er upp vikuskammtur í byrjun viku og hann unnin þá vikuna.

**Markmið:** Að nemendur:

- læri að beita stærðfræðilegri hugsun við lausn ýmissa viðfangsefna og æfist í að skýra niðurstöður sínar
- öðlist leikni í að nota grunnaðgerðir stærðfræðinnar, samlagningu, frádrátt, margföldun og deiling
- læri að nota vasareikni sem hjálpargagn þegar það á við.

**Námsefni:** Stika 1a og 1b nemendabækur og æfingahefti

**Námsmat:** Símat; kannanir úr öllum námsþáttum í Stiku sem gilda til lokaeinkunnar.

## SAMFÉLAGSFRÆÐI

**Kennarar:** Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Ríkharð Bjarni Snorrason

**Kennslustundir:** 3 á viku.

**Markmið** Að nemendur:

- geti nýtt sér landakort og kortabók
- þekki helstu örnefni í heimabyggð
- geri sér grein fyrir myndun og mótun landsins og þekki ýmis landfræðileg hugtök
- þekki höfuðáttirnar fjórar, einn undirflokk þeirra og hvernig þær tengjast hring
- þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu jökla, ár, firði flóa og fjöll
- þekki ýmsa þætti víkingatímans
- kynnist aðdraganda að landnámi Íslands
- þekki upphaf Íslandsbyggðar og kynnist daglegu lífi á landnámsöld
- kynnist helstu trúarbrögðum heims, lífsviðhorfum og menningu sem tengjast þeim
- þekki helstu hátíðir kristinnar, siði og tákn sem tengjast þeim.

**Námsefni:** Ísland – veröld til að njóta, lesbók og vinnubók, Kortabók og myndbönd. Víkingaöld og Trúarbrögðin okkar.

**Námsmat:** Vinnubók, verkefni og vinna gilda til einkunnar.

## NÁTTÚRUFRAEÐI

**Kennarar:** Elín Þóra Friðfinnsdóttir og Guðný Stefanía Stefánsdóttir

**Kennslustundir:** 3 tímar á viku.

**Markmið**

Að nemendur:

- kynnist skipulagðri rannsóknarvinnu
- geri tilraunir og skoði dæmi í nánasta umhverfi um ljós, speglun og endurvarp

- geri sér grein fyrir áhrifum rafnotkunar á samfélagið og geri tilraunir með rafhlöður og segla
- þekki reikistjörnurnar og áhrif sólar og tungls á jörðina
- þroski með sér virðingu, samkennd með lífi, náttúru og umhverfi
- skilji hvernig maðurinn er háður náttúrunni og hefur áhrif á hana
- geri sér grein fyrir einkennum lífvera og þekki hvaða eiginleikar auka lífslíkur þeirra.

**Námsefni:** Lífríki í sjó, Auðvitað 1, Verklegar æfingar í náttúrufræði fyrir 5. – 7. bekk, ýmsar handbækur og myndbönd.

**Námstilhögun:** Eðlisfræði er kennd fyrri hluta vetrar og líffræði seinni hluta vetrar.

**Námsmat:** Próf/lokaverkefni gildir 60% á móti vinnubók og ástundun sem gildir 40%.

## LÍFSLEIKNI

**Kennarar:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

**Kennslustundir:** 2 tímar á viku.

### Markmið

Að nemendur:

- efli eigin sjálfsmynd
- þjálfist í mannlegum samskiptum og tillitssemi
- kynnist frekar Uppbyggingarstefnu, vinni með hlutverkin, þekki grunnþarfirnar og lífsgildi
- geti greint og lýst ýmsum tilfinningum
- séu meðvitaðir um gildi mannréttinda og jafnréttis
- geti tileinkað sér holla neysluhætti og svefnvenjur
- geri sér grein fyrir að mismunandi siðir og reglur gilda innan fjölskyldna án þess að það hafi áhrif á gagnkvæma virðingu og samkennd
- geti sett sér raunhæf markmið og unnið að þeim
- geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmýnda
- öðlist færni í samvinnu, framkomu, að koma fram fyrir hóp og flytja mál sitt.

**Námsgögn:** Handbækur og annað efni um Uppbyggingarstefnu s.s. Verkfærakistan, Mitt og þitt hlutverk, Skýr mörk o.fl. Annað efni frá kennurum.

**Námstilhögun:** Einstaklingsvinna, umræður, hópavinna og bekkjarfundir.

Árshátíð skólans er stórt verkefni sem kemur inn á lífsleikniþjálfun nemenda.

# UPPLÝSINGATÆKNI

**Kennarar:** Elín Þóra Friðfinnsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

**Kennslustundir:** 1 tími á viku

**Markmið:** Að nemendur:

- fái þjálfun í að nota rétta fingrasetningu á lyklaborð tölvu og kunni á flesta sérlykla.
- þjálfist í meðferð og vistun skjala
- geti notað ritvinnslu-, töflureikni-, og glærugerðarforrit
- þjálfist í myndvinnslu

**Námstilhögun:** Tímarnir fara fram í tölvuveri skólans.

**Námsgögn:** Ýmis forrit s.s. Microsoft Word, Excel og Power Point og efni af netinu.

**Námsmat:** Öll tölvuverkefni og umgengni við vélbúnað í tölvuveri eru metin til hæfnieinkunnar. Gildi skólans þ.e. virðing, samhugur og menntun auk ábyrgðar eru metin til lykilhæfnieinkunnar í bókstöfum (sjá matskvarða hér að ofan).

## ÍPRÓTTIR

**Kennarar:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

**Markmið:** Nemendur þjálfist í undirstöðuatriðum helstu íþróttagreina og skilji mikilvægi íþróttar og heilsuræktar.

**Námstilhögun:** Árganginum er kennt í íþróttahúsinu á Torfnesi. Hópurinn fær tvær samliggjandi kennslustundir á viku. Sundkennsla fer fram í tveimur hópum og fær hvor hópur eina kennslustund á viku.

**Námsmat:** Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins. Auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

# HEIMILISFRÆÐI

**Kennari:** Guðlaug Jónsdóttir

**Námstilhögun:** Hringekja

**Námsefni:** Gott og gagnlegt 1 og Heimilisfræði 4.

**Markmið – að nemendur:**

- geti með aðstoð matreitt einfalda rétti eftir uppskriftum.
- þjálfist í vinnubrögðum og meðferð áhalda og tækja.
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti og öðlist þekkingu á helstu hugtökum í næringarfræði.
- geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- að nemendur auki þekkingu sína um sjálfbærni, læri að setja viðfangsefnin í samhengi við hana (umgengni, endurnýting, sparnaður) og kynnist helstu umhverfismerkjum.
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

**Námsmat:** Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið – yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

# MYNDMENNT

**Kennari:** Elín Þóra Friðfinnsdóttir

**Kennslutilhögun:** Hringekja.

**Markmið:** Að nemendur geti:

- tjáð eigin tilfinningar/skoðanir með aðferðum myndlistar
- valið mismunandi aðferðir við sköpun
- þekkt nokkrar myndlistarstefnur og listamenn sem vinna innan stefnunnar
- greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka
- notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk
- unnið sjálfstætt að þrívíðu verki
- greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.
- rannsakað, skapað og greint.

**Verkefni:** Teikning, leir teiknimynd, þrívíður skúlptúr, listasögu verkefni bæði í tölvum og unnið verklegt verkefni.

**Námsmat:** Gefin er einkunn í lok tímabils. Einkunnin er samsett af einkunnarorðum skólans virðing-samhugur-menntun og ábyrgð.

## TEXTÍLMENNT

**Kennari:** Fríða Rúnarsdóttir

**Kennslutími:** Hringekja.

**Markmið:**

- að æfa saman hug og hönd og kynnast ólíkum efnum og áherslum
- að njóta sköpunar um leið og einfaldar vinnuaðferðir og vandvirkni er þjálfuð
- að efla sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.

**Námstilhögun:** Kennt er í saumastofu á efri hæð nýja skólans.

**Verkefni:** Kennt er að fitja upp, prjóna slétt og brugðið með tveimur prjónum og fella af. Prjónaður ormur eða húfa og saumuð eru auðveld bútasaumsstykki og flíshúfa í aukaverkefni.

**Námsmat:** Einkunn gefin að vori. Verkefni og vinnubrögð nemenda eru metin. Einnig er tekið tillit til framkomu nemenda, sjálfstæðra vinnubragða og virkni í tímum.

## TÆKNIMENNT

**Kennari:** Marta Sif Ólafsdóttir

**Kennslutími:** Þrjár kennslustundir í viku í ca 12 vikur.

**Markmið:**

- Beita líkamanum rétt við vinnu og sýna rétta notkun hlífðarfatnað.
- Valið og notað rétt, helstu verkfæri og mælitæki.
- Getað gert grein fyrir virkninni í einfaldri vél.
- Að getað teiknað upp skissu af hugmynd og fylgt henni eftir.

**Námstilhögun:** Kennt er í smíðastofunni á fyrstu hæð nýja skólans.

**Verkefni:** Nammisjálfsali úr mdf og krukku. Nemendur saga út og bora eftir leiðbeiningum kennara. Sjálfsalinn er pússaður og skreyttur. Endurvinnslu verkefni. Nemandi gerir einfaldar skissur og áætlun að hlut sem hann fær hanna sjálfur að hluta. Möguleiki á valverkefnum að velja úr ef tími gefst.

**Námsmat:** Færni, Vinnubrögð, frágangur, hegðun og ástundun. Lokaeinkunn byggist á símati.



## Tónmennt

**Kennari:** Andri Pétur Þrastarson

**Kennslutími:** 1 stund á viku.

**Markmið:**

- Að kynna mismunandi tónlistarstefnum.
- Að geta nefnt hljóðfæri sem koma fram í hljóðbút.
- Geta talað um tónlist.
- Kynna fjölbreytileika raddarinnar.

**Námstilhögun:** Kennt er í tónmenntastofu grunnskólans.

**Verkefni:** Hlusta á mismunandi tónlistarstefnur. Skapa umræður um þá tónlist sem spiluð er í tímanum. Gera tilraunir með hvernig má nýta röddina sem mörg mismunandi hljóðfæri t.d. söng, bítbox, þungarokks urr. Klappleikir.

**Námsmat:** Hæfni A-B-C-D

## ENSKA

**Kennarar:** Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh

**Kennslutími:** 2 stundir á viku.

**Markmið:** Að nemendur séu færir um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar og geti lesið einfaldan texta af margvíslegum toga.

**Námsefni:** Portfolio Speak Out, Portfolio Work Out, Portfolio Topic Books. Öðru námsefni er dreift hverju sinni, ef það á við. Kvikmyndir.

**Námsmat:** Símat. Einkunn gefin að vori.

# Priðjudagur

## FabLab

**Markmið:** Að nemendur nýti sitt eigið frumkvæði og sköpun og nái tökum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape og Google Sketchup.

**Námsþættir:** Vinna í tölvuveri og stafrænni FabLab smiðju.

Hámark 12 nemendur í hóp.

## Tæknilegó

**Markmið:** Að nemendur æfist í að nota tannhjól og gíra í hlutum sem þeir búa til og nýti eigið frumkvæði og sköpun

**Námsþættir:** Að hanna og byggja úr kubbum og kynnast frumþáttum véltækni.

Hámark 12 nemendur í hóp.

## Fimleikar

**Markmið:** Að nemendur kynnist helstu þáttum fimleika, æfi styrk, liðleika, lipurð, samhæfingu og jafnvægi.

**Námsþættir:** Farið verður í grunnþættina í fimleikum, handahlaup, arabastökk, kollhnís, hoppa yfir kubb, hringi og fleira. Hægt verður að vera meira en eitt tímabil ef nemendur vilja.

Hámark 16 nemendur í hóp.

## Nýsköpun

**Markmið:** Að efla sköpunarkraft og virkja hugmyndaflugið

**Námsþættir:** Allir geta fundið eitthvað sem má bæta eða breyta. Unnið verður með fjölbreyttum aðferðum í hugmyndavinnu þar sem leitað er að nýjum aðferðum, útfærslum eða vöru. Eflum sköpunarkraftinn með því að æfa okkur.

Hámark 16 nemendur í hóp.

## Matur og menning frá ýmsum löndum

**Markmið:**

Að nemendur:

- geti með aðstoð matreitt einfalda rétti eftir uppskriftum
- þjálfist í vinnubrögðum og meðferð áhalda og tækja
- geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- fái innsýn í siði og venjur annarra þjóða sem viðkoma mat og matarmenningu
- öðlist aukna þekkingu á landfræðilegri legu annarra landa

**Námsþættir:** Verleg kennsla að stærstum hluta. Í hverjum tíma er nýtt land kynnt, skoðað á landakorti og farið yfir nokkur atriði sem einkenna landið og matargerð þess. Verleg vinna í hverjum tíma þar sem útbúnir eru réttir frá löndunum. Uppskriftum safnað í möppu.

## Smíðar og föndur

**Markmið:** Nota hugmyndaflugið og sjá nýtni í drasli, hugsa og vinna sjálfstætt, nota sinn eigin sköpunarkraft til að búa til eitthvað með virkni

**Námsþættir:** Kúluspil. Nemandi fær spónarplötu sem grunn fyrir kúluspil. Notast er við afgangsefni úr smíðastofunni og afskorninga til að búa til braut. Einnig má nota allt föndurdót og drasl sem finna má í stofunni. Auka valverkefni ef tími leyfir.

**Kennari:** Marta Sif Ólafsdóttir

## Stuttmyndagerð

**Markmið:** Að nemendur læri að vinna með einföld upptökuforrit.

**Námsþættir:** Upptökur, klipping og almennar reglur um myndbirtingu.

Hámark 16 nemendur í hóp.

## Makey makey

**Markmið:** Nemendur læri að nota Makey makey til að stýra tölvuleikjum, hljóðfærum og lyklaborði. Nemendur kynnist rafmagnsfræði sem nýtist í skapandi vinnu.

**Námsþættir:** Vinna í tölvuveri og myndmennt. Nemendur vinna með Makey makey box, tölvu og ýmsan efnivið. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

Hámark 16 nemendur í hóp.

## Verkleð vísindi

**Markmið:** Að nemendur fái að kafa dýpra ofan í viðfangsefni náttúruvísindanna og gera athuganir og tilraunir því tengdu.

**Kennslutilhögun:** Nemendur fá úthlutað verkefnum sem þeir leysa með því að gera tilraunir eða athuganir á efninu.

Hámark 12 nemendur í hóp

## Scratch forritun

**Markmið:** Að nemendur kynnist grunnatriðum forritunar í gegnum Scratch, geti unnið sjálfstætt og dýpki þekkingu sína innan eigin áhugasviðs.

**Kennsluaðferðir:** Nemendur vinna í tölvuveri og fá verkefni eða velja úr verkefnabanka.

Hámark 16 nemendur í hóp.

## Samspil

**Markmið:** Að nemendur læri að spila/syngja tónlist í hóp.

**Námsþættir:** Samspil og samspilsæfingar, samsöngur og rytmaleikir.

**Kennari:** Andri Pétur Þrastarson

## Föstudagur

### Dans

**Markmið:** Að efla hreyfiþroska með aðstoð fjölbreytilegrar tónlistar. Að efla félagsþroska í gegnum snertingu og samvinnu.

**Námsþættir:** Freestyle-dansar, þeir dansar sem eru í tísku hverju sinni og að semja dansa.

Að auki munu nemendur sýna dansa við ýmis tækifæri.

Hámark 16 nemendur í hóp

### Skák og borðspil

**Markmið:** Að nemendur kynnist reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum.

**Námsefni:** Ýmis borðspil og gögn frá kennara.

Hámark 16 nemendur í hóp

## Leður og roð – Fríðu föndur

**Markmið:** Að nemendur nái tókum á að vinna með þau verkfæri sem notuð eru til að vinna með þessi hráefni og nýti eigið frumkvæði og sköpun.

**Námsþættir:** Að búa til t.d. lyklakippu, nælu, pyngju, símahulstur, eyrnalokka, hálsmen og hvað annað sem nemendum dettur í hug.

Hámark 12 nemendur í hóp

## Skrautskrift

**Markmið:** Að nemendur læri grunnatriði skrautskriftar.

**Námsþættir:** Æfingar í fjölbreyttri stafagerð.

Hámark 16 nemendur í hóp

## Teiknimyndasögugerð

**Markmið:** Að nemendur öðlist innsýn í heim teiknimyndasögugerðar.

**Námsþættir:** Uppbygging sögu þar sem mynd og texti vinna saman, unnið bæði á hefðbundinn hátt og í ýmsum forritum.

Hámark 16 nemendur í hóp

## Útivist og leikir

**Markmið:** Að mæta þörf nemenda fyrir útivist og hreyfingu og efla félagsfærni.

**Námsþættir:** Skipulagðir leikir af ýmsu tagi og útivist í samræmi við veður hverju sinni, hjólaferðir, skautuferðir og fleira.

Hámark 20 nemendur í hóp

## Hundar sem gæludýr

**Markmið:** Að nemendur kynnist umhirðu hunda og mikilvægum þáttum í samskiptum þeirra við manninn.

**Námsþættir:** Ábyrgð hundaeigenda kynnt í gegnum myndbönd og annað námsefni sem valið er af kennara. Nemendur fá að hitta hund/hunda og komast í snertingu við þá.

Ekki er nauðsynlegt að nemendur eigi hund.

Hámark 16 nemendur í hóp

## Jóga

**Markmið:** Að nemendur læri að beita líkama sínum á réttan hátt, auka hreyfileika og jafnvægi og bæta sjálfsmynd og auka við líkamlega og tilfinningalega heilsu og vellíðan nemenda. Styrkja félagsleg samskipti, auka hópuppbyggingu og samfélagsskynjun nemendahópsins.

**Námsþættir:** Vinnum með öndun og teygjur, farið verður í undirstöður jóga, rétta líkamsbeitingu og öndun í æfingum sem og rólegir hugleiðslutímar þar sem einblínt verður á að auka sjálfstraust barnanna og jákvæða sjálfsmynd.

Hámark 12 nemendur í hóp.

## Samspil

**Markmið:** Að nemendur spili og syngi saman.

**Námsþættir:** Nemendur fá tilsögn í hljómagangi og spila nokkur lög saman. Skólinn leggur til hljómborð, þeir sem eiga gítar eða önnur hljóðfæri eru beðnir að koma með þau með sér og nemendur fá einnig að prófa ýmis ásláttarhljóðfæri.

Hámark 8 nemendur í hóp.

## Samskipti heimila og skóla

Kennarar bekkjarins eru ekki með fasta símatíma en hægt er að skilja eftir skilaboð hjá ritara. Auk þess geta foreldrar sent kennurum tölvupóst á eftirfarandi netföng:

Guðný Stefanía Stefánsdóttir [guðnyst@isafjordur.is](mailto:guðnyst@isafjordur.is)

Ríkharð Bjarni Snorrason [rikhardsn@isafjordur.is](mailto:rikhardsn@isafjordur.is)

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Sérstakir foreldradagar eru auglýstir á skóladagatali og verða áréttaðir í vikuáætlunum og á heimasíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>. Vikuáætlun og ástundun eru sendar heim í tölvupósti til foreldra á föstudögum. Myndir og tilkynningar fara einnig oft inn á Facebook síðu árgangsins.

### Tengiliðir foreldra í vetur eru:

Elísabet Samúelsdóttir

Hanna Mjöll Ólafsdóttir

Heiða Dögg Guðmundsdóttir